



Dagsetning: 14.02.2020  
Málsnúmer: 1908022/8.2

## Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

### Sundlaug Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar

#### Inngangur

Á 650 fundi bæjarráðs, þann 10. febrúar sl., fól bæjarráð bæjarstjóra að taka saman minnisblað um sundlaug Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar þar sem fram kæmi afstaða bæjarstjóra til þess hvaða leið væri best að fara vegna þeirrar stöðu sem sundlaugin er í.

Forsaga málsins er sú að þann 27. maí sl. tók Heilbrigðisstofnun Austurlands (HAUST) út aðstæður í sundlaug Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar vegna ábendinga um að málningarágnir væru í sundlaugarvatninu, sbr. meðfylgjandi minnisblað. Við úttekt HAUST voru viðstaddir fulltrúar fjölskyldusviðs og framkvæmdasviðs Fjarðabyggðar. Var ákvörðun HAUST að stöðva starfsemi í lauginni þar sem að málningagnir ættu greiða leið upp í munn og nef barnanna sem í lauginni syntu. Starfsmenn Fjarðabyggðar brugðust hratt og örugglega við og var laugin tæmd og hefur hún ekki verið starfrækt síðan enda ekki með heilbrigðisvottorð frá HAUST.

Í kjölfarið skoðuðu starfsmenn Fjarðabyggðar þá kosti sem í boði voru til viðgerða á sundlauginni. Fyrstu hugmyndir voru þess efnis að hægt væri að framkvæma bráðabirgða-viðgerð sem fælist í að háþrýstiþvo sundlaugarkarið, gera við smærri múrvíðgerðir og mála laugina, kostnaðarhugmynd í kringum kr. 2.000.000. Við þá skoðun var talið að til að gera varanlega við sundlaugarkarið yrði að fara í meiri viðgerðir m.a. á múrverki laugarkarsins og lausleg kostnaðarhætlun hljóðaði uppá um kr. 15.000.000, sbr. minnisblað fræðslustjóra og verkefnastjóra á framkvæmdarsviði dags. 7. ágúst 2019.

Þannig var verkefnið kynnt í minnisblaði fræðslustjóra og verkefnastjóra á framkvæmdasviði frá 7. ágúst 2019. Bæjarráð tók minnisblaðið fyrir á fundi sínum 15. ágúst 2019 og bókaði bæjarráð eftirfarandi: „*Bæjarráð felur framkvæmdasviði að fá fagaðila til að greina betur raunkostnað og framkvæmd við viðgerð á sundlaug íþróttahússins á Reyðarfirði. Jafnframt er fræðslustjóra, í samráði við skólastjórnendur, falið að finna lausn á sundkennslu fyrir nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar, ef ekki tekst að koma sundlauginni í nothæft ástand á komandi haustönn 2019.*“ Þessi samþykkt var kynnt í fræðslunefnd 21. ágúst 2019.

Ekki liggur fyrir neitt mat í samræmi við það sem bæjarráð og fræðslunefnd fól fræðslustjóra og skólastjórnendum grunnskólans á Reyðarfirði, þ.e. að skoða aðra kosti til sundkennslu og verðu því að áætla þann þátt í þessu minnisblaði. Við þá vinnu er stuðst við gjaldskrá þeirra tveggja stóru hópferðaleyfishafa sem eru í Fjarðabyggð. Undirritaður bað fjármálastjóra að meta þá þætti og er hans samantekt hér annarstaðar í minnisblaðinu. Fyrir liggur, eins og áður kom fram, álit fagmanns á því hvað kostar að laga lauginna þannig að hún verði rekstrarhæf og fái þannig samþykki HAUST fyrir áframhaldandi starfsemi, sbr. minnisblöð, dags. 30. janúar og 14. febrúar 2020 sem fylgja þessu minnisblaði.

### Álit sérfræðings um kostnað við að laga sundlaugina

Í byrjun október var ástand sundlaugarinnar tekið út fyrirtækinu MVA. Niðurstaða er að eina mögulega viðgerðin væri að háþrýstiþvo alla laugina, fræsa úr sprungum og gera við þær auk annarra skemmda á múnverki og síðan yrði laugarkarið múrað uppá nýtt með Velosit. MVA telur einnig að nokkrir óvissuhættir séu við verkefnið m.a. hversu illa múninn og kantar eru farnir, en slíkar skemmdir koma ekki í ljós fyrr en á síðari stigum og sé tekið mið af viðgerð við Stefánslaug þá geti það mögulega hækkað verulega kostnað við viðgerð. Í minnisblaði frá svíðsstjóra og verkefnisstjóra á framkvæmdasviði sem dagsett er 30. janúar 2020 eru þessir kostir skýrðir og jafnframt lögð fram kostnaðaráætlun uppá um kr. 19.500.000 um nauðsynlegar framkvæmdir til að hægt verði að opna laugina. Hér sé um „..það sem þarf að gera hið miðista fyrir laugina til að hún standist skoðun og verði rekstrarhæf.“

Samkvæmt upphaflegri áætlun úr minnisblaði fræðslustjóra og verkefnisstjóra á framkvæmdasviði, dags. 7. ágúst 2019, um kostnað við að keyra nemendur Grunnskólans á Reyðarfirði til sundkennslu t.d. á Eskifirði er hann áætlaður á ársgrunni um kr. 13.000.000. auk starfsmannakostnaðar um kr. 1.700.000. Að mati þcirra, í minnisblaðinu, er álegur sparnaður af því að loka lauginni um kr. 2.700.000.

### Að beiðni bæjarstjóra hefur fjármálstjóri skoðað mögulegan kostnað við akstur nemenda ýmist í sund á Fáskrúðsfirði eða Eskifirði.

#### 1. Sundkennsla í vor á Fáskrúðsfirði eða Eskifirði.

Samkvæmt námskrá má ljúka sundkennslu með 20 tíma námskeiði (20x40 mín). Hver hópur samanstendur að hámarki af 15 nemendum og skólinn skiptist í 17 sundhópa. Ef tekið er mið af núverandi gjaldskrá fyrir íþróttakstur mun kostnaður vegna aksturs nemenda í vor nema að hámarki 5,9 m.kr. en líklegt er að hann mætti lækka frekar með samningum við flutningsaðila. Hægt væri að lækka aksturskostnaðinn frekar ef mögulegt er að kenna lengri kennslustundir í hvert sinn t.d. 60 mín eða 80 mín. Gera verður auk þess ráð fyrir auknum starfsmannakostnaði um kr. 1.000.000 vegna eftirlits í rútum og í sundlaug.

#### 2. Árlegur sparnaður af því að starfrækja ekki sundlaugina á Reyðarfirði

Rekstur Sundlaugarinnar í íþróttahúsini á Reyðarfirði er ekki ségreindur frá öðrum rekstri né er hitakostnaður fjarvarmaveitunnar á Reyðarfirði mældur milli einstakra notenda. Hér er því tekið mið af hitunarkostnaði sundlaugarinnar á Fáskrúðsfirði sem nam um kr. 5.700.000. á árinu 2019 og gert ráð fyrir að hitunarkostnaður laugarinnar á Reyðarfirði nemi um kr. 2.000.000 frá vori til hausts (6 mánuðir), annar rekstrarkostnaður um kr. 800.000 og árlegt

viðhald um kr. 1.000.000 eða samtals reksturskostnaður á ári um kr. 3.500.000 – 4.000.000 að teknu tilliti til óvissu.

### 3. Sundkennsla allt árið á Fáskrúðsfirði eða Eskifirði

Samkvæmt námskrá á hver nemandi að fá eina kennslustund í viku í sundkennslu, hver kennslustund 40 mínútur. Ef skóla árið er reiknað sem 36 vikur og áfram 17 hópar með hámarki 15 nemendum hver þá væri kostnaður við akstur nemenda á skólaárinu að hámarki kr. 9.500.000- 10.600.000 en líklegt er að hann mætti lækka frekar með samningum við flutningsaðila og skipulagi kennslu. Ef hægt er að lengja t.d. hverja kennslustund í 60 mínútur þá væri á sama hátt árskostnaðurinn við aksturinn um kr. 6.700.000 – 7.500.000. Gera verður ráð fyrir auknum starfsmannakostnaði, a.m.k. um kr. 2.000.000-3.000.000 vegna eftirlits í rútum og í sundlaug.

Engin tilraun er hér gerð til að meta til fjár þann ávinning eða kostnað sem af því hlýst að íþróttahúsið á Reyðarfirði yrði íþróttahús allt árið um kring en ekki einungis í um 6 mánuði á ári.

### Niðurstaða bæjarstjóra

Samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 við ákvörðun miða við það sem barni er fyrir bestu og skal það sjónarmið ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um málefni þess, sbr. sérstaklega 2. mgr. 1. gr. laganna. Þetta endurspeglast annarstaðar í lögum sbr. t.d. í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 en þar kemur m.a. fram í 3. mgr. 20. gr. þeirra laga þar sem fram kemur að „...allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda...“ Við skoðun þessa máls er því ráðandi að gæta að heilsu barnanna sem nota eiga sundlaugina. Þá verður einnig að horfa til fleiri laga t.d. um Hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um hollustuhætti á sund og baðstöðum nr. 814/2010

Bæjarstjóri hefur átt fund með sviðstjóra fjölskyldusviðs, fræðslustjóra, forstöðumanni íþróttu og tómstunda og skólastjóranum á Reyðarfirði. Þeirra sjónarmið koma fram í minnispunktum sem fylgja þessu minnisblaði. Þeirra niðurstaða er að þau telja að hægt sé að gera tímabundna viðgerð sem kosti um 4 milljónir króna og byggja það á minnisblaði fræðslustjóra og verkefnastjóra á framkvæmdarsviði dags. 7. ágúst 2019. Það minnisblað byggir á því að mála yfir veggina en eins og kemur fram í minnisblaði dags. 30. janúar 2020 og 14. febrúar 2020, sem byggir á skoðun fagmanns á ástandi laugarinnar þá kemur fram að slík málun geti leitt til þess að málningin fari strax af um leið og vatn komi í laugina. Það þýðir þá að í kjölfarið dreifist málning um laugina. Er þá komið upp sama ástand og þegar lauginni var lokað. Hér er rétt að hafa í huga einnig að um er að ræða skammtímalausn sem nýtist svo ekki ef farið verður í að gera varanlega við laugina.

Að lokum er rétt að hafa í huga við mat þetta að talað hefur verið um að skoða með framtíð íþróttahússins á Reyðarfirði en slíkar hugleiðingar hljóta að hafa áhrif á það hvað gert er til framtíðar.

Að mati bæjarstjóra er ljóst að mat MVA, sem fram kemur í minnisblaðinu frá 30. janúar og í minnisblaði frá 14. febrúar 2020, stendur óhaggað. Ekki hafa verið lögð fram mat annarra fagaðila sem réttlæta að hægt sé að fara skemmti skírn til skamms tíma né hefur verið fengið



samþykki frá HAUST fyrir slíku. Ennfremur vakti starfsmaður MVA athygli starfsmanna Fjarðabyggðar við skoðun sína á sundlauginni að viðloðun steypu á veggjum er orðin lítil sem engin svo hætt er við að málningin haldi áfram að flagna af. Þetta kemur einnig fram í minnisblaði hans frá 14. febrúar 2020 þar sem hann getur ekki ábyrgst hversu lengi málningin tollir á veggjum sundlaugarinnar eftir að vatn er komið í laugina.

Við mat sem þetta verður alltaf að gæta að því sem er börnunum fyrir bestu. Það getur ekki verið þeim til hagsbóta að setja þau í laug sem er mögulega hættuleg heilsu þeirra eins og staðan er í dag. Þá verður að hafa í huga að ekki er gefið að starfsleyfi fáist frá HAUST ef farin er sú leið að mála veggi laugarinnar, þar sem þessi skemmtiri skírn er jafn ótrygg og raun ber vitni. Til að breyta því og koma lauginni í varanlegt horf þarf að leggja út í viðamiklar viðgerðir eins og fram kemur í minnisblaðinu frá 30. janúar 2020. Þá er rétt að hafa í huga að sveitarfélagið stundar skólaakstur í sveitarfélaginu rétt eins og mörg önnur sveitarfélög með góðum árangri.

Það er mat bæjarstjóra að það sé ekki forsvaranlegt að leggja út í viðamiklar viðgerðir þegar framtíð íþróttahússins er til skoðunar sem og að ekki er ljóst hvenær þeim viðgerðum verði lokið en nú líður að því að það verði að hefja sundkennslu. Varðandi útfærslu sundkennslunnar hvort sem það er á Fáskrúðsfirði og/eða Eskifirði er eitthvað sem fræðslunefnd og starfsfólk fjölskyldusviðs verða að útfæra.

Það er því mat bæjarstjóra að öllu samanteknu að ekki er nægjanlegt að fara í bráðabirgðarviðgerðir nú til að ljúka sundkennslu fyrir vorið. Sú kennsla verði leyst með öðrum hætti og málefni sundlaugarinnar á Reyðarfirði verði skoðuð heildstætt í tengslum við skoðun á íþróttamannvirkjum á Reyðarfirði en slíkt stendur til nú á vormánuðum.

Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri

**Fylgigögn:**

Ákvörðun Haust

Minnisblað, dags. 7. ágúst 2019

Minnisblað, dags. 30. janúar 2020

Minnisblað, dags. 14. febrúar 2020

Minnispunktar frá fundi bæjarstjóra með sviðstjóra fjölskyldusviðs, fræðslustjóra, forstöðumanni íþróttu – og tómstundamála og skólastjóra Reyðarfjarðarskóla

Myndir af lauginni eins og staðan er í dag